



Fundargerð

418. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 8. mars 2018. Þetta er 3. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll. Í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista. Sverrir Gíslason boðar forföll og í hans stað er mætt Auður Eypórsdóttir 1. varamaður Ó-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

9. 1802009 styrkbeiðni til fornleifarannsóknna

10. 1603018 Ný brú yfir Eldvatn

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Rangárþing eystra bauð til fundar um mögulega samvinnu sveitarfélaganna á þjónustusvæði Félags- og skólaþjómustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu á Hvolsvelli vegna innleiðingar nýrra persónuverndarreglugerðar sem taka á gildi í maí á þessu ári. Íbúafundur Skaftárhrepps til framtíðar var haldinn í febrúar þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins. Stjórnarfundur Náttúrustofu Suðausturlands var haldinn á Hótel Klaustri og verður ársfundur Náttúrustofunnar haldin í Nýheimum á Höfn 20. mars nk. Markaðsstofa Suðurlands stóð fyrir íbúafundi vegna áfangastaðaáætlunar DMP sem er langt á veg komin. Vinna vegna uppgjors 2017 hefur verið í fullum gangi og verður fyrri umræða ársreiknings á apríl fundi sveitarstjórnar. Stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum áttu fund með atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem farið var yfir mikilvægi þess að ráðuneytið beiti sér fyrir því að leita leiða til að ná niður raforkuverði á þessum svæðum. Oddviti, sveitarstjóri og verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar áttu fund með fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna úttektar VSO ráðgjafar á ríkisjörðum í Meðallandi og voru aðilar sammála um að ráðuneytið muni vinna málið áfram samkvæmt tillögnum. Sveitarstjóri kynnti eineltisstefnu og viðbragðsáætlun sveitarrfélagsins fyrir forstöðumönnum og ásamt því að gera grein fyrir áhrifum nýrrar persónuverndarlöggjafar á starfsemi sveitarfélagsins og stofnanna hennar. Talsverð vinna er framundan við að undirbúning hjá stofnunum sveitarfélagsins vegna innleiðingarinnar. Sveitarstjóri ásamt Evu Björk oddvita og Bjarka Guðnasyni sátu fund sem boðaður var af SASS með þingmönnum Suðurkjördæmis vegna vinnu við fjármálaáætlun. Vinna við tillögur vegna landaskipta Klausturjarðar hafa staðið yfir og er von á nýjum tillögum á næstu dögum. Mikill vilji er hjá öllum eigendum að ljúka málinu sem fyrst. Sveitarstjóri á fund með Guðmundi Danielssyni á morgun vegna ljósleiðaralagningar á Austur-Síðu og Fljótshverfi. Ljósleiðarakefli eru komin á staðinn og verður farið í að semja við landeigendur á allra næstu dögum. Sveitarstjóri fer á Innkaupadag Ríkiskaupa.



Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 135. fundar skipulagsnefndar. dags. 6. mars 2018

1. 1710004 Fyrirspurn um deiliskipulag fyrir Hnútuvirkiun

Beiðni um leyfi til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags virkjunar í Hverfisfljóti á grundvelli aðalskipulags.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að vinna við deiliskipulag virkjunar í Hverfisfljóti hefjist en framkvæmdaraðili skal hefja vinnuna með lýsingu skv. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010. Bent er á að um matsskylða framkvæmd er um að ræða og því þarf þetta að vera skipulags- og matslýsing.

Sveitarstjórn BG, EBH, JG og AE staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. JBJ situr hjá.

2. 1803002 Beiðni um niðurrif rafstöðvar við Tungulæk

Eigandi jarðarinnar Tungu/Tungulækur fastanúmer 221-6931 óskar eftir heimild til niðurrifs rafstöðvar sem byggð var 1961.

Skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að óska eftir umsögn Minjastofnunar um erindið vegna menningarminja.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 1706011 Lýsing fyrir breytingu á þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri, íþróttasvæði

Lýsingin tekur til breytinga á þjónustusvæði S-11 sem minnkar og er eftir breytingu 0,4 ha. Einnig er svæði U-11 stækkað um tæpa 1,4 ha. Svæði Ú-6 breytist úr íþróttasvæði í opið svæði til sérstakra nota.

Skipulagslýsingin er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagnar og auglýsa lýsinguna skv. 30 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1803001 Mýrar – Hrífunesi Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Tillagan að deiliskipulagsbreytingunni nær eingöngu til hluta ferðapjónustusvæðisins á Mýrum í Hrífunesi. Deiliskipulag fyrir svæðið var áður samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2011. Breytingartillagan felur mest megnis í sér breytingu á skilmálum fyrir byggingarreiti ásamt breyttri staðsetningu á bifreiðastæði.

Skipulagsnefnd bendir á að samkvæmt gr.9.7.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 ber að hafa a.m.k. 8 metra á milli bygginga nema um sérstakar eldvarnir sé að ræða. Fyrirhugaðar byggingar eru byggingarleyfis Skyldar og þurfa því að uppfylla skilyrði um eldvarnir. Einnig er óljóst hvort skilgreindir byggingarreitir rúmi þann fjölda bygginga sem fjallað er um í skipulaginu samkvæmt sömu reglugerð. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að óska eftir nánari skýringum á tillögunni.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 1706007 Leiðrétting á útgefnu byggingarleyfi Snæbýli 1

Sigurður Árnason sótti um byggingarleyfi í landi Snæbýli 1A landnr. 163450 til að reisa 27 m² orlofshús. Í ljós kom við skráningu að umsóknin átti að vera Snæbýli 1 landnr. 163449.



Skipulagsnefnd afturkallar byggingarleyfi á Snæbýli 1A landnr. 163450. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að gefið verði út byggingarleyfi á Snæbýli 1 landnr. 163449 og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. 1611013 Skaftárvellir 26a – smáhýsi

Eigandi að Skaftárvöllum 26a hefur óskað eftir leyfi til að reisa garðskýli sem er hærra en byggingarskilmálar segja til um.

Skipulagsnefnd hafnar beiðninni þar sem byggingin er í ósamræmi við deiliskipulag og uppfyllir ekki kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

7. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í Hrífunesi

Hrífunes Park óskar eftir breytingu á aðalskipulagi á frístundabyggð í Hrífunesi. Að verslunar- og þjónustusvæði V2 verði stækkað þannig að göturnar Stóratörfa og Mástörfa falli innan reitsins.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að unnin verði lýsing á aðalskipulagsbreytingunni skv. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 að höfðu samráði við lóðarhafa og lóðarleigjendur. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. 1604047 Fundargerð 30. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 27.02.2018

3. 1803006 Framtíðarsýn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs.

Skv. framlögðum gögnum hafa forstöðumenn beggja deilda gert greinargerð varðandi framtíðarsýn á rekstri byggðasamlagsins (hjálagt fundargerð) og er niðurstaða þeirra beggja að starfseminni yrði betur komið í aðskildum byggðasamlögum enda um ólíka starfsemi að ræða. Einnig hefur verið leitað upplýsinga varðandi kostnað við bókhald og endurskoðun samlagsins með tilliti til skiptingar sem yrði óveruleg aukning á kostnaði skv. upplýsingum KPMG núverandi þjónustuaðila (hjálagt fundargerð).

Í ljósi framlagðra gagna og umræðu fundarins leggur formaður stjórnar fram tillögu um að samlaginu verði skipt upp í Félagsþjónustu annarvegjar og Skólaþjónustu hins vegar og vísar þeirri umræðu til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum SHG, LE og BJJ samþykkja tillögunna. ÞHG situr hjá. ABB er á móti og bókar:

Óskaði eftir að afgreiðslu tillögunnar yrði frestað, sú tillaga var felld með þremur atkvæðum. Get ekki fallist á tillögu um að slíta byggðarsamlagi og reka félagsþjónustu og skólaþjónustu sem aðskildar stofnanir. Þau atriði sem koma fram í rökstuðningi forstöðumanna snúa fyrst og fremst að skipulagi og ætti að vera hægt að ráða bót á þeim. Til að koma til móts við beiðni forstöðumanna er eðlilegast að það fari fram óháð úttekt á rekstri stofnananna og þá fyrst er hægt að spá til um hvort breytinga sé þörf og þá hverjar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir bókun Auðbjargar og telur að umræða um að kljúfa byggðasamlagið upp í Félagsþjónustu annars vegar og Skólaþjónustu hins vegar sé ekki tímabær. Sveitarstjórn leggur til að skipaður verði vinnuhópur með aðild allra sveitarfélaganna sem hafi það hlutverk að endurskoða samþykktir og verkferla Félags- og



skólaþjónustunnar í samvinnu við forstöðumenn og stjórn byggðasamlagsins. Vinnuhópurinn myndi leita lausna á því sem betur má fara og leggja fram tillögur til stjórnar samlagsins á vormánuðum. Sveitarstjóra falið að senda tillöguna á sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Félags- og skólaþjónustunnar bs.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1604031 Fundargerð 52. Fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 15.02.2018

II. Önnur mál

1. Reglur um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Bókun: Félagsmálanefnd fer yfir uppfærðar reglur og samþykkir fyrir sitt leiti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leiti.

2. Tillaga um hækkun á greiðslum til stuðningsfjölskyldna í málaflökki fatlaðs fólks og barnavernd.

Bókun: Félagsmálanefnd les yfir tillögur og samþykkir fyrir sitt leiti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hækkunina fyrir sitt leiti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1711001 Fundargerð 153. fundar fræðslunefndar. dags. 28.02.2018

Tónlistarskóli Skaftárhrepps kl. 14:20-14:40

1. Flutningur tónlistarskóla

Ræddur möguleiki á flutningi tónlistarskóla. Í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda í heimavistarálmu skólans, fer fræðslunefnd fram á að tónlistarskólanum verði fundinn nýr staður í hentugra rými.

Sveitarstjórn er meðvituð um mikilvægi þess að tónlistarskólinn verði fluttur í hentugra rými. Unnið er að endurskipulagningu heimavistarálmu í tengslum við flutning skrifstofu á haustdögum og undirbúning þekkingarseturs sem mun krefjast þess að tónlistarskólanum verði fundin ný staðsetning í húsinu.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1803003 Áfangastaðaáætlun Suðurlands, DMP. Drög til umsagnar og athugasemda. Markaðsstofa Suðurlands dags. 23.02.2018

Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar því að þessi vinna sé langt á veg komin. Erindinu vísað til skipulagsnefndar og umhverfis- og náttúruverndarnefndar til umfjöllunar og felur sveitarstjóra að tilkynna Markaðsstofunni um að ekki náist að afgreiða málið fyrr en á apríl fundi sveitarstjórnar.

2. 1603042 Upplýsingar um þörf á þriggja fasa rafmagni. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. dags. 08.02.2018

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur sig ekki geta sent yfirlit yfir einstaka notkunarstaði umfram aðra þar sem það getur brotið í bága við jafnræðisreglu í 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 73/1993. Sveitarstjórn bendir á að eðlilegra væri fyrir Atvinnuvega- og



nýsköpunarráðuneytið að auglýsa á áberandi hátt eftir þeim aðilum sem telja sig vera í brýnni þörf fyrir þriggja fasa rafmagn. Allir þeir notkunarstaðir í Skaftárhreppi sem ekki hafa aðgang að þriggja fasa rafmagn í dag geta fallið undir skilgreiningu ráðuneytisins um þörf á þriggja fasa rafmagn.

3. 1803004 Umsögn um frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum nr. 91/2018
Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um að faggildinarkrafa byggingareftirlits komi til með að verða íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og leiðir til hækkunar á byggingarkostnaði sem er í mótsögn við áherslur ríkisvaldsins. Á svæðum líkt og í Skaftárhreppi þar sem markaðsbrestur er á sölu húsnæðis þar sem byggingarkostnaður er ekki í takt við íbúðarverð mun þetta leiða til ennfrekari markaðsbrests og hamla því að nauðsynleg uppbygging verði á íbúðarhúsnæði. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur því að falla eigi alfarið frá faggildingarkröfunni.
4. 1603042 Tillaga ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku til umsagnar.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Sveitarstjórn bendir á að í 2. mgr. 4. gr. mætti skýra nánar hvers konar linulagnir átt er við. Einnig vill sveitarstjórn leggja áherslu á að ekki er samræmi í þingsályktun um aðgerðaáætlun um orkuskipti nr. 18/146 þar sem sett eru fram markmið um orkuskipti til 2030 og áætlana Rarik um uppbyggingu 3 fasa dreifikerfis um landið sem nær til 2034. Huga þarf að leiðum og setja í stefnu stjórnvalda bæði að flýta þessum orkuskiptum enn frekar og láta þessi uppbyggingaráform tala saman. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn umsögnina fyrir tilskilin frest.
5. 1802014 Umsögn um þingsályktunartillögu vegna mótunar eigendastefnur. dags. 26.02.2018.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að mótuð verði eigendastefna ríkisins fyrir bújarðir í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Stefnuleysi stjórnvalda vegna bújarða í eigu ríkisins veldur því að bújörðum sem losnað hafa úr ábúð í Skaftárhreppi undanfarin ár standa nú auðar og í niðurniðslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda dags. 5. október 2017 til umsagnar á 415. fundi sínum þann 14. desember 2017. Drögin höfðu ekki verið send formlega til umsagnar til hagaðila eða sveitarstjórna heldur fékk sveitarfélagið senda ábendingu um að fyrrnefnd drög lægju fyrir.

Meðfylgjandi er afgreiðsla sveitarstjórnar vegna málsins sem send var til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 15.12.2017 þar sem m.a. er gagnrýnt samráðsleysi ráðuneytisins. Vegna umsagnar við þingsályktunartillögu um mótun eigendastefnu ríkisins vegna bújarða mál nr. 52 er vísað í fyrrgreinda umsögn.
6. 1803005 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Adventure Hotels ehf. um rekstarleyfi gististaðar í flokki IV. Umsókn um nýtt rekstarleyfi í flokki IV á Geirlandi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 05.03.2018
EBH, JG, AE og JBJ gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar í eldvarnareftirliti á síðari stigum málsins.



- 1711007 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Hvoll road 201 slf. um rekstrarleyfi gististaðar í flokki III. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 02.03.2018
EBH, JG, AE og JBJ gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar í eldvarnareftirliti á síðari stigum málsins.
- 1610010 Rekstaryfirlit 12 mánaða staða
Reksturinn er á áætlun.
- 1802009 styrkbeiðni til fornleifarannsóknna við Arfabót í Álftaveri

Ályktun menningarmálanefndar Skaftárhrepps;

Fögnum því að verið sé að vinna að rannsóknnum fornleifa í Skaftárhreppi viljum styðja það að þessu verkefni verði haldið áfram og Skaftárhreppur leggi sitt af mörkum hvað varðar gistingu og upphald þessara 5-7 fornleifafræðinga í nefndar 4- 5 vikur sumarið 2018. Viljum jafnframt benda á að samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2018 hefur ekki verið áætlað fjármunum til Fornleifarannsóknna, og mun því þetta verkefni krefjast aukafjárlaga 2018.

Sveitarstjórn samþykkir stuðning við verkefnið að upphæð 250 þúsund kr. Tekið af lið 2140-9191.

- 1603018 Ný brú yfir Eldvatn
Sveitarstjórn Skaftárhrepp fordæmir seinagang Vegagerðarinnar vegna þeirra tafa sem orðið hafa á uppbyggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn við Ása. Nú í haust eru 3 ár liðin frá því að brúin skemmdist í Skaftárhlaupi sem er alltof langur tími. Það er ótækt að ekki sé hafin vinna við gerð brúarinnar og hvetur sveitarstjórn Vegagerðina til að ljúka við gerð nýs útboðs sem allra fyrst. Sveitarstjórn óskar eftir formlegum skýringum á þeim tögum sem hafa orðið og fela sveitarstjóra að senda erindi til Vegagerðarinnar vegna málsins og upplýsa þingmenn Suðurlands og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stöðu málsins.

III. Fundargerðir til kynningar

- Fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 23. febrúar 2018.
Fundargerð kynnt.

IV. Annað kynningarefni.

- Breytingar á gerð kjörskrárstofns. Þjóðskrá Íslands. dags. 06.02.2018. *Kynnt.*
- Ýmis gögn og upplýsingar vegna innleiðingar nýrra persónuverndarreglna 2018. *Kynnt*
- Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Lánasjóður sveitarfélaga. dags. 16.02.2018. *Kynnt*
- Útfærsla launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 samkvæmt rammksamkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Samband íslenskra sveitarfélaga. tölvupóstur dags. 02.03.2018. *Kynnt*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 5. apríl 2018

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 14:50





Éva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Jóna Björk Jónsdóttir


Bjarki Guðnason


Auður Eypórsdóttir